



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**544. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, 12. september 2022
og hófst hann kl. 12:00.**

Fundinn sátu:

Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Jóhanna Hreinsdóttir, Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Dagskrá:

1. SRN Almenningsamgöngur-endurskoðun samkomulags - 2109004

Málið kynnt og upplýst um stöðu viðræðna við ríkið vegna endurskoðunar samkomulags um almenningsamgöngur. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Birgir Björn Sigurjónsson kynna.

Samkvæmt skipunarbréfi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins dags. 21. september 2021 voru Birgir Björn Sigurjónsson, Guðrún Edda Finnbogadóttir og Páll Björgvin Guðmundsson skipuð samkvæmt tilnefningu SSH í starfshópinn sem vinna á tillögu að endurskoðuðu samkomulagi um tilraunaverkefni um eflingu almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Guðrún Edda Finnbogadóttir er nú í orlofi og er gerð tillaga um að Ásthildur Helgadóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs Kópavogs verði tilnefnd í hennar stað.

Umræður.

Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir að tilnefna Ásthildi Helgadóttur í starfshópinn sem vinna á tillögu að endurskoðuðu samkomulagi um tilraunaverkefni um eflingu almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu og verður innviðaráðuneytinu sent bréf þar að lútandi.

2. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010

Málið kynnt og upplýst um stöðu viðræðna ríkisins og SSH vegna mörkunar framkvæmda Samgöngusáttmálans. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Birgir Björn Sigurjónsson kynna. Umræður.

Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson

Niðurstaða:



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Lagt fram til kynningar

3. Húsnæðismarkaðurinn á höfuðborgarsvæðinu - 2205006

Framhald umræðu frá 540. og 541. fundum stjórnar. Tekið fyrir að beiðni borgarstjóra en fyrir liggur samþykkt borgarráðs Reykjavíkur um samningsmarkmið Reykjavíkurborgar vegna samnings á grundvelli rammasamnings innviðaráðuneytisins, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Umræður.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Reykjavíkur fer af fundi.

4. Ferðavenjukönnun 2022 - 2208002

Innviðaráðuneytið hyggst leiða saman hagaðila til að framkvæma ferðavenjukönnun fyrir haustið 2022 sem nær yfir allt landið. Um er að ræða endurtekningu á sambærilegri könnun sem var unnin haustið 2019. Ferðavenjukannanir hafa verið gerðar á árunum 2011, 2014, 2017 og 2019 í samstarfi við Vegagerð ríkisins og fleiri hagaðila eftir atvikum. Niðurstöður nýtast m.a. við árangursmat um hlutdeild almenningsgangna, uppfærslu höfuðborgarlíkans og fl.

Innviðaráðuneytið hefur boðið SSH áframhaldandi þátttöku í verkefninu og hefur vinna þegar hafist á þeim vettvangi. Áætluð hlutdeild SSH í verkinu mun hljóða upp á allt að 3,5 m.kr. Áætlað er að helmingur kostnaðarins komi úr framlögum samnings um tilraunaverkefni almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu og hinn helmingur komi úr verkefnasjóði svæðisskipulagsins líkt og áður.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir þátttöku SSH í ferðavenjukönnun 2022 á grundvelli fyrirliggjandi forsendna.

5. Aðalfundur SSH 2022 - 2208012

Gerð er tillaga um að aðalfundur SSH, og ársfundir byggðasamlaganna, verði haldnir föstudaginn 18. nóvember nk. Fyrir liggur að Kjósarhreppur er það sveitarfélag sem næst mun halda aðalfundinn.

Niðurstaða:

Samþykkt er að aðalfundur SSH, og ársfundir byggðasamlaganna, verði haldnir föstudaginn 18. nóvember nk. Er framkvæmdastjóra, í samráði við framkvæmdastjóra byggðasamlaganna og formann stjórnar SSH, falinn frekari undirbúningur þeirra.

6. SSH Fjárhagsáætlun - 1910010

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH kynnir drög að fjárhagsáætlun SSSH vegna ársins 2023. Umræður.

Niðurstaða:

Endanleg fjárhagsáætlun SSH verður lögð fyrir næsta reglulega fund stjórnar hinn 3. október 2022.

7. SRN Stefna í málefnum sveitarfélaga - 2110007



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fyrirliggjandi er tölvupóstur Önnu Gunnhildar Ólafsdóttur innviðaráðuneyti dags. 2. september 2022. Er þar m.a. lagt til að haldinn verði opinn fundur kjörinna fulltrúa, íbúa og annarra hagsmunaaðila á höfuðborgarsvæðinu hinn 11. október nk. Tilgangur ofangreinds fundar er að efna til samtals og kynna lykilviðfangsefni á sviði sveitarfélaga, samgangna, skipulags og húsnæðismála en unnið er að endurskoðun stefnu og aðgerðaráætlana á þeim sviðum.

Í ofangreindum tölvupósti er þá óskað eftir aðstoð við m.a. að staðfesta tímasetningu í viðkomandi landshluta miðað við framlagðar hugmyndir, að taka afstöðu til heppilegs fundarstaðar miðað við áætlaðan fjölda og útbúnað, að undirbúa fundina með fulltrúum ráðuneytisins og að finna heppilega fundarstjóra úr landshlutanum.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóri mun vinna áfram að málinu og aðstoða við undirbúning ofangreinds með það að markmiði að staðfundur á höfuðborgarsvæðinu verði haldinn mánudaginn 10. október.

8. HAF -Opnun Bláfjallavegar - 2206010

Fyrirliggjandi er tölvupóstur Önnu Maríu Elíasdóttur skrifstofustjóra umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðarbæjar, dags. 15. júní 2022 vegna endurofnunar Bláfjallavegar.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra falið að fara yfir málið með það að markmiði að endurmat á lokun Bláfjallavegar fari fram.

9. Umsagnir þingmála - 1910005

Á 542. fundi stjórnar var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

"Drög að frumvarpi til laga um sýslumann eru nú í samráðsgátt en umsagnarfræstur við þau er til 15. ágúst nk.

SSH munu senda umsögn um frumvarpsdrögin til samræmis við umræður fundarins."

Til samræmis við framangreint sendu SSH fyrirliggjandi umsögn sem lögð er fram til staðfestingar stjórnar.

Niðurstaða:

Samþykkt

10. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál - 2110008

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 81. fundar Stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, dags. 30. maí 2022.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 82. fundar Stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, dags. 22. ágúst 2022.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

11. Önnur mál - 2110011

1. Kjördæmavika Alþingis.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Samkvæmt starfsáætlun Alþingis verða kjördæmadagar vikuna 3.-7. október. Fundur með þingmönnum höfuðborgarsvæðisins á síðasta þingi gafst vel og er áætlað að bjóða þingmönnum höfuðborgarsvæðisins til fundar í kjördæmavíku.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra, í samráði við formann stjórnar SSH, er falið að gera tillögu að dagskrá og tímasetningu fundar með þingmönnum höfuðborgarsvæðisins í kjördæmavíku.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.